




Neytendakönnun um saltfisk

Aðalheiður Ólafsdóttir
Kolbrún Sveinsdóttir

Skýrsla Matís 13-19
Ágúst 2019

ISSN 1670-7192
DOI 10.5281/zenodo.3382139



Report summary

Titill / Title	Neytendakönnun um saltfisk		
Höfundar / Authors	Aðalheiður Ólafsdóttir, Kolbrún Sveinsdóttir		
Skýrsla / Report no.	13-19	Útgáfudagur / Date:	30.08.2019
Verknr. / Project no.	62533, 62504		
Styrktaraðilar /Funding:	AG Fisk, AVS rannsóknasjóður		
Ágríp á íslensku:	<p>Löng hefð er fyrir vinnslu saltfisks hér á landi en áður fyrr var öðru fremur notast við saltið til að lengja geymsluþol fiskins. Í dag telst saltfiskur sælkeravara sem nýtur mikilla vinsælda víða um heim, ekki síst í Suður-Evrópu, þar sem hefðir og gæði íslenska saltfisksins leika stórt hlutverk. Matís stóð fyrir vinnustofum með saltfiskframleiðendum og matreiðslumönnum í apríl og maí 2019. Markmiðið með þeim var meðal annars að meta stöðu saltfisks á heimamarkaði. Þar kom fram að afla þyrfti upplýsinga um sýn Íslendinga á saltfiski til að meta betur tækifærin hérlendis. Byggt á niðurstöðum vinnustofanna var framkvæmd vefkönnun með það að markmiði að rannsaka ímynd saltfiskafurða í hugum Íslendinga, almenna þekkingu á saltfiski og sögu hans, og upplifun á saltfiski. Einnig var könnuð neyslutíðni á saltfiski, léttsöltuðum fiski og nætursöltuðum fiski, sem og viðhorf til saltfisks samanborið við léttsaltaðan- og nætursaltaðan fisk. Könnunin var framkvæmd í maí 2019 og birtist 17.000 notendum Facebook, 18 ára og eldri. Alls luku 505 manns könnuninni.</p> <p>Mikill munur var á svörum þátttakenda eftir aldri. Niðurstöðurnar sýna að neysla á bæði fiski og saltfiski fer minnkandi með lækkingi aldri. Einungis um 29% þátttakenda á aldrinum 18-29 ára borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar en samsvarandi hlutfall fyrir elsta hópinn, 60-70 ára, er um 94%. Helsta ástæða þess að þátttakendur borða ekki saltfisk er að þeim finnst hann ekki góður. Aðrar orsakir eru að hann er of saltur, skortur á framboði, að það sé lítil hefð fyrir saltfiski, og að ferskur fiskur sé frekar valinn. Almennu voru viðhorf til saltfisks nokkuð jákvæð og upplifun þeirra sem hafa keypt saltfisk á veitingastað, fiskbúð og matvöruverslun góð. Hins vegar eru yngri þátttakendur almennt neikvæðari fyrir saltfiski og líklegri til að finnast bragð af saltfiski vont en þeim sem eldri eru. Þekking og áhugi á saltfiski minnkar einnig með lækkingi aldri og á það sama við um kauptíðni á saltfiski, léttsöltuðum fiski og nætursöltuðum fiski. Niðurstöður gefa til kynna að mismunandi smekkur sé eftir aldri á því hversu saltur saltfiskur á að vera. Eldri þátttakendur eru líklegri til að vilja hafa saltfisk vel saltan og finnst hann sjaldnar of saltur en þeim sem yngri eru.</p> <p>Saltfiskurinn hefur verið samfinni sögu Íslendinga og matarmenningu í árhundruð. Niðurstöður úr þessari könnun sýna hins vegar minnkandi þekkingu, áhuga og neyslu á saltfiski í yngri aldurshópum. Þessi þróun getur skýrt af auknu úrvali matvara, breyttum smekk, viðhorfum og venjum. Líklegt er að ímynd saltfisks sem gæðavöru eigi undir högg að sækja og að miklar breytingar séu að verða á neyslu saltfisks meðal Íslendinga. Til að ýta undir neyslu á saltfiski þarf að kynna hann betur og gera sýnilegri, ekki síst meðal yngri aldurshópa, hvort heldur sem er í mótuneytum, matvöruverslunum, fiskbúðum eða veitingastöðum.</p>		
Lykilorð á íslensku:	Saltfiskur, neytendur, viðhorf, ímynd, neysluhegðun		

<p><i>Summary in English:</i></p>	<p>Salt-curing of cod is an ancient storage method. Today, salt-curing is not merely a storage method, but a method for producing high quality products with specific characteristics. Salt-cured cod is considered a delicacy which is widely popular in many countries, especially in Southern Europe, where the traditions and quality of the salt-cured cod play a major role. Matís supervised workshops for producers of salt-cured cod and chefs in April and May 2019. The aim was, e.g. to assess the status of salt-cured cod in the domestic market. Results from the workshops revealed a need for information on the attitudes of Icelanders towards salt-cured cod, to be able to evaluate opportunities in the home market. Based on the results from the workshops, a web survey was carried out with the aim of examining the image of salt-cured cod among Icelanders, general knowledge of salt-cured cod and its history, as well as their experience/liking of salt-cured cod. Attitudes and consumption frequency of salt-cured, light-salted and night-salted cod were also examined. The survey was conducted in May 2019. The survey was sent to 17,000 users of Facebook, aged 18 and over, and a total of 505 people completed the survey.</p> <p>Large age-related differences were seen in participants' responses. The results show that consumption of both fish and salt-cured fish decrease with decreasing age. Only about 29% of participants aged 18-29 consume salt-cured cod once a year or more frequently, but around 94% of participants in the oldest group, 60-70 years. The main reason why participants do not consume salt-cured cod is that they do not like it. Other reasons are too strong salty taste, lack of supply, lack of tradition, or that fresh fish is preferred. In general, the attitude towards salt-cured fish was somewhat positive and the experience of those who bought salt-cured fish at a restaurant, fish store and grocery store was positive. However, younger participants are generally more negative towards salt-cured cod and more likely to dislike it compared to older participants. Knowledge and interest in salt-cured fish is also decreasing with lower age, as well as purchase frequency of salt-cured cod, lightly salted- and night salted fish. The results indicate that the age groups have different preference for saltiness in salt-cured cod. Older participants are more likely to prefer saltier fish and feel more rarely that salt-cured fish (as desalted cod) is too salty compared to the younger consumers.</p> <p>Salt-cured cod has been interwoven with the history of Icelanders and food culture for centuries. However, results from this survey show a decrease in knowledge, interest and consumption of this traditional product among younger age groups. This trend can be explained by an increased variety of foods, changing tastes, attitudes and habits. The image or status of salt-cured cod as a quality product is not strong and major changes in the consumption of salt-cured cod among Icelanders are occurring. To encourage the consumption of salt-cured cod, it is necessary to promote this quality product and make it more visible, especially among younger age groups, whether in canteens, supermarkets, fish shops or restaurants.</p>
<p><i>English keywords:</i></p>	<p>Salt-cured fish, consumers, attitudes, image, consumption</p>

Table of Contents

1 Inngangur	6
2 Framkvæmd	7
3 Niðurstöður	8
Fiskneysla	9
Þekking á saltfiski	10
Ímynd saltfisks og saltfiskframleiðslu í hugum Íslendinga	12
Viðhorf þátttakenda til saltfisks sem neysluvöru	13
Saltfiskneysla og kaup	15
Samanburður á saltfiski, léttisöltuðum fiski og nætursöltuðum fiski	19
4 Umræður og ályktanir	22
Viðauki I – Ímynd saltfisks og saltfiskframleiðslu í hugum Íslendinga	24
Viðauki II - Saltfiskneysla og kaup	25
Viðauki III. - Samanburður á saltfiski, léttisöltuðum fiski og nætursöltuðum fiski.....	26
Viðhengi IV– Neytendakönnun um saltfisk	30

1 Inngangur

Löng hefð er fyrir vinnslu saltfisks hér á landi en áður fyrr var öðru fremur notast við saltið til að lengja geymsluþol fiskins. Í dag telst saltfiskur sælkeravara sem nýtur mikilla vinsælda víða um heim, ekki síst í Suður-Evrópu, þar sem hefðir og gæði íslenska saltfisksins leika stórt hlutverk. Matís hefur gefið út handbækur um saltfisk, sem nýtast jafnt saltfiskframleiðendum og öllum þeim sem hafa áhuga á að búa til góðan saltfisk (<http://www.matis.is/utgafa-og-midlun/handbaekur/saltfiskhandbokin/>).

Í stuttu máli er saltfiskur fiskur sem hefur farið í gegnum verkunarferli sem samanstendur af þæklun í saltþækli, og í kjölfarið þurrköltun. Í þessu ferli verða heilmiklar breytingar á lykt, bragði og áferð fiskins sem líkja mætti við þroska í ostum, þar sem tími, hitastig og hreinlæti skiptir miklu máli.

Saltmagn í fullverkuðum saltfiski er mikið (á bilinu 17-21%) og hann þarf að útvatna fyrir neyslu. Við útvötnum á saltfiski er stefnt að því að saltstyrkur sé einungis um 1%. Saltfiskur sem hefur verið fullsaltaður, staðinn og útvatnaður, er mjög ólíkur léttköltuðum og nætursöltuðum fiski. Af útvötnuðum elduðum saltfiski er einkennandi verkunarlykt og verkunarbragð, sem getur minnt á t.d. á smjör, popp, sveppi, blautan við eða harðfisk.

Rætt hefur verið um að gera saltfiski hærra undir höfði á Íslandi. Verkefnarsjóðurinn AG-Fisk (Arbejdsgruppen for Fiskerisamarbejdet) á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar hefur veitt styrk til að koma því verkefni af stað. Matís stóð fyrir vinnustofum með saltfiskframleiðendum og matreiðslumönnum í apríl og maí 2019. Markmiðið með vinnustofunum var meðal annars að meta stöðu saltfisks á heimamarkaði eins og hún er, velta upp tækifærum og hindrunum, og skiptast á skoðunum og reynslu af saltfiski. Helstu ályktanir og niðurstaða þeirrar vinnu sýndi fram á óþrjótandi möguleika saltfisksins í útfærslu rétta, og tækifæri á innanlandsmarkaði. Þar sem saltfiskur hefur verið lítt sýnilegur þyrfti líklega að kynna hann mun betur fyrir almenningi, bæta aðgengi og fræðslu. Jafnframt voru þátttakendur sammála um að afla þyrfti upplýsinga um sýn Íslendinga á saltfisk til að meta betur hvar tækifærin liggja.

Byggt á niðurstöðum vinnustofanna var hönnuð vefkönnun til að skoða viðhorf neytenda á Íslandi til saltfisks. **Markmiðið með könnuninni** var að rannsaka ímynd saltfisks í hugum Íslendinga, almenna þekkingu á saltfiski og sögu hans og upplifun eða geðjun á saltfiski. Einnig var könnuð neyslutíðni á saltfiski, léttköltuðum fiski og nætursöltuðum fiski, sem og þekking og viðhorf til saltfisks samanborið við léttsaltaðan og nætursaltaðan fisk.

2 Framkvæmd

Neytendakönnun var framkvæmd í maí 2019. Könnunin var framkvæmd á netinu með forritinu SurveyMonkey og var svörum safnað með því að auglýsa könnunina á Facebook (Mynd 1). Reynt var að setja auglýsinguna upp þannig að sem flestir tækju þátt óháð saltfiskneyslu. Könnunin birtist 17.000 notendum Facebook og voru kynja- og aldurshlutföll í birtingum jöfn. Í upphafi var hún send á 18 ára og eldri en eftir 5 daga var aldursbil fært niður í 18-49 ára þar sem mun fleiri svör fengust frá eldra fólki. Könnunin var keyrð í 10 daga, frá 17. maí til 27. maí. Tölfræðiúrvinnsla var unnin þannig að hópar voru bornir saman með One Way Anova og Duncan's prófi. Munur var talinn marktækur ef $p \leq 0,05$.

Neytendakönnunin samanstóð af alls 34 spurningum og staðhæfingum. Spurt var um:

- Fiskneyslu
- Viðhorf til saltfisks
- Neyslu á saltfiski
- Ástæður þess ef viðkomandi borðar saltfisk sjaldnar en einu sinni á ári
- Hvar saltfiskur er oftast borðaður
- Mat á saltbragði af saltfiski
- Kaup tíðni saltfisks
- Hvar saltfiskur er keyptur
- Matreiðslu saltfisks
- Kaup á saltfiski á veitingastöðum, í fiskbúðum, og matvöruverslunum
- Upplifun af síðustu neyslu á saltfiski og mat á saltbragði
- kaup á léttisöltuðum og nætursöltuðum fiski
- upplifun af síðustu kaupum á léttisöltuðum og nætursöltuðum fiski og mat á saltbragði
- kyn, aldur, póstnúmer og búsetu í þéttbýli/dreifbýli.

Uppsetning neytendakönnunarinnar er sýnd í viðhengi IV.


Matís

Vilt þú taka þátt í könnun á vegum Matís?

Könnunin fjallar um saltfisk en við hvetjum alla til að taka þátt, óháð saltfiskneyslu.

Það tekur um 5 til 15 mínútur að svara könnuninni

Smelltu á hlekkinn hér að taka þátt!: <https://www.surveymonkey.com/r/saltfiskur>




Mynd 1. Auglýsing um neytendakönnunina á Facebook


3 Niðurstöður

Alls tóku 759 manns þátt í könnuninni en einungis var unnið með niðurstöður frá þátttakendum sem luku könnuninni en þeir voru 505 talsins. Kynjaskipting var þannig að karlar voru 15% þátttakenda, og konur 84%. Skipting þátttakenda eftir helstu bakgrunnsbreytum er sýnd á mynd 2. Hlutfall karla innan hvers aldurshóps jókst eftir fimmtugsaldurinn (mynd 3). Um 65% þátttakenda býr á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes, Mosfellsbær) og 35% í öðrum landshlutum, um 90% þátttakenda búa í þéttbýli en 9% í dreifbýli.

Fjöldi svara er misjafn eftir hlutum könnunarinnar. Þátttakendur sem borða fisk sjaldnar en einu sinni á ári svöruðu ekki fleiri spurningum en þeirri sem sneri að almennri fiskneyslu og var beint að bakgrunnsspurningum. Á sama hátt svöruðu einungis þátttakendur sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar spurningum um neyslu, matreiðslu og kaup á saltfiski. Einungis þátttakendur sem kaupa léttsaltaðan fisk og nætursaltaðan fisk svöruðu spurningum um þær vörur. Fjöldi þátttakenda eftir hlutum könnunarinnar er sýndur í töflu 1.



Mynd 2. Skipting þátttakenda í neytendakönnun um saltfisk eftir aldri, kyni og búsetu (n=505).




Mynd 3. Kynjahlutföll innan aldurshópa (n=505). Rautt = kona, blátt = karl.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda á hverju aldersbili fyrir hvern hluta könnunarinnar.

Fjöldi sem...	aldursbil					samtals
	18-29	30-39	40-49	50-59	60-70	
..lýkur könnun	117	103	109	140	36	505
..borðar fisk einu sinni á ári eða oftar	78	74	94	130	34	410
..borðar saltfisk einu sinni á ári eða oftar	34	43	68	111	34	290
..kaupir saltfisk einu sinni á ári eða oftar	12	24	36	98	31	201
..kaupir léttsaltaðan fisk einu sinni á ári eða oftar	11	23	31	61	19	145
..kaupir nætursaltaðan fisk einu sinni á ári eða oftar	13	22	29	56	19	139

Fiskneysla

Fyrstu spurningunni í könnuninni var ætlað að gefa hugmynd um fiskneyslu þátttakenda. Greinilegur munur sést milli aldurshópa og svo virðist sem fiskneysla fari stigminnkandi með lækkandi aldri (mynd 4). Um 33% á aldrinum 18-29 borða fisk sjaldnar en einu sinni á ári en samsvarandi hlutfall fyrir elsta aldurshópinn, 60-70 ára er 6%. Hins vegar eru flestir í öllum aldurshópum sem borða fisk þrisvar í mánuði eða oftar. Niðurstöðurnar gefa til kynna sá hópur sem borðar sjaldan eða aldrei fisk fari stækkandi. Þeir þátttakendur sem borða fisk aldrei eða sjaldnar en einu sinni á ári voru leiddir beint í bakgrunnsþurningar þar sem allar aðrar spurningar krefjast þess að þátttakendur borði fisk að einhverju marki.



Mynd 4. Spurning 1 „Hversu oft borðar þú fisk að meðaltali?“. Hlutfall svara innan hvers aldurshóps í prósentum (n=505). Fjöldi innan aldurshópa: 18-29 (n=117), 30-39 (n=103), 40-49 (n=109), 50-59 (n=140), 60-70 (n=36).


Þekking á saltfiski

Í þessum hluta var reynt að fá fram hversu mikið þátttakendur vita um saltfisk með því að spyrja fjögurra spurninga um saltfisk en gefnir voru svarmöguleikarnir: rangt, rétt og veit ekki. Spurningunum var ætlað að svara því hvort þátttakendur þekktu einkenni saltfisk, þ.e. að hann er ólíkur söltuðum ferskum fiski og hafi einkennandi verkunarbragð, og verkun saltfisks þ.e. útvötnun. Þekki þátttakendur saltfisk vel má ætla að svör við spurningunum fjórum væru eftirfarandi:


- 2.1. **rangt** - Bragð af saltfiski er eins og af söltuðum ferskum fiski
- 2.2. **rangt** - Saltfiskur er það sama og nætursaltaður fiskur
- 2.3 **rétt** - Saltfisk þarf að útvatna fyrir notkun
- 2.4. **rétt** - Saltfiskur hefur einkennandi verkunarbragð sem minnir á harðfisk

Út frá niðurstöðunum má álykta að þekking á saltfiski fari minnkandi með lækkandi aldri (mynd 5). Þetta á við um öll svör í þessum hluta könnunarinnar. Langflestir eru ósammála því að bragð af saltfiski sé eins og af söltuðum ferskum fiski. Hins vegar eru um 20% yngsta aldurshópsins óvissir um það. Einnig fer óvissa vaxandi með lækkandi aldri þegar spurt er um hvort saltfiskur sé það sama og nætursaltaður fiskur en langflestir voru ósammála þeirri staðhæfingu. Langflestir í elstu þremur aldurhópunum vissu að útvatna þarf saltfisk fyrir notkun en 44% í yngsta aldurshópnum. Skiptar skoðanir voru á því hvort saltfiskur hafi einkennandi verkunarbragð sem minnir á saltfisk en flestir voru óvissir í yngsta aldurshópnum.


2.1. Bragð af saltfiski er eins og af söltuðum ferskum fiski




2.2. Saltfiskur er það sama og nætursaltaður fiskur



2.3. Saltfisk þarf að útvatna fyrir notkun



2.4. Saltfiskur hefur einkennandi verkunarbragð sem minnir á harðfisk




Mynd 5. Spurning 2. „Hvað af eftirfarandi telur þú eiga við um saltfisk?“ (n=410). Fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=78), 30-39 (n=74), 40-49 (n=94), 50-59 (n=130), 60-70 (n=34). Hlutfall svara innan hvers aldurshóps. Gult=„veit ekki“, grænt= „rétt“, rautt=„rangt“.


Ímynd saltfisks og saltfiskframleiðslu í hugum Íslendinga

Í spurningu 3 voru settar fram nokkrar fullyrðingar um saltfisk og saltfiskframleiðslu, og þátttakendur beðnir um að tilgreina hversu sammála eða ósammála þeir væru þeim. Skali var 5 punkta: 1 = alveg sammála, 3 = hvorki sammála né ósammála, 5 = alveg ósammála. Niðurstöðurnar gefa til kynna að saltfiskur hafi almennt nokkurn gæðastimpil í hugum þátttakenda og að langflestir geri sér grein fyrir mikilvægi saltfisks í sögu Íslendinga. Einnig er hægt að álykta að saltfiskur sé fyrir flesta þátttakendur ekki of dýr. Flestir, eða 48% þátttakenda, voru ósammála því að Íslendingar væru nánast hættir að framleiða saltfisk en nokkuð margir voru óvissir um þetta atriði, og jókst óvissa með lækandi aldri. Mikill munur er á ímynd saltfisks og saltfiskframleiðslu eftir aldri (mynd 6). Eftir því sem þátttakendur eru yngri telja þeir saltfiskur skipta Íslendinga minna máli og skipi minni sess í sögu Íslendinga. Sérstaklega er mikill munur á ímynd saltfisks sem gæðavöru eftir aldri en einungis 14% þátttakenda á aldrinum 18-29 ára eru alveg sammála því að saltfiskur sé gæðavara en 82% þátttakenda á aldrinum 60-70 ára eru alveg sammála því að saltfiskur sé of dýr endurspeglar líklega mun í kaupþíðni eftir aldri þar sem óvissa um verð eykst með lækandi aldri. Hlutföll svara við öðrum fullyrðingum í spurningu 3 eru sýnd í Viðauka I.


3.1. Saltfiskur skiptir Íslendinga engu máli




3.4. Saltfiskur er stór hluti af sögu Íslendinga



3.7. Saltfiskur er of dýr




3.8. Saltfiskur er gæðavara



Mynd 6. Hlutfall svara innan aldurshópa við spurningu 3. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum um saltfisk?“ (n=410). Fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=78), 30-39 (n=74), 40-49 (n=94), 50-59 (n=130), 60-70 (n=34).


Viðhorf þátttakenda til saltfisks sem neysluvöru

Spurning 4 miðaði að því að fá fram viðhorf þátttakenda til saltfisks sem neysluvöru en spurninguna fengu allir sem borða fisk einu sinni á ári eða oftar. Niðurstöðurnar gefa til kynna að viðhorf til saltfisks sé mjög mismunandi eftir aldri (mynd 8). Eldri þátttakendur eru almennt jákvæðari fyrir saltfiski og finnst hann betri á bragðið en viðhorf til saltfisks verða neikvæðari með lækandi aldri. Öllum þátttakendum á aldrinum 60-70 ára fannst fullyrðingin „Mér finnst saltfiskur almennt góður“ eiga mjög vel við sig, en einungis 26% þátttakendum á aldrinum 18-29 ára. Yngri þátttakendur eru einnig líklegri til að finnst bragð af saltfiski vont. Þekking á saltfiski minnkar með lækandi aldri, t.d. hvað varðar matreiðslu og hvar hægt er að fá góðan saltfisk á Íslandi. Eldri þátttakendur eru líklegri til að vilja hafa saltfisk vel saltan (hafa „almennilegt saltbragð“) og finnst hann sjaldnar of saltur en þeim sem yngri eru (mynd 7 og 8). Um 44% á aldrinum 18-29 finnst saltfiskur oftast of saltur en 6% á aldrinum 60-70 ára.




Mynd 7. Spurning 8 „Hvað finnst þér oftast eiga við um saltbragð af þeim saltfiski sem þú borðar?“. Hlutfall svara innan hvers aldurshóps. Þátttakendur sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar (n=290). Fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=34), 30-39 (n=43), 40-49 (n=68), 50-59 (n=111), 60-70 (n=34).


4.1. Mér finnst saltfiskur almennt góður




4.3. Ég kann ekki að elda saltfisk




4.5. Mér finnst saltfiskur oftast of saltur




4.7. Ég veit ekkert um saltfisk




4.8. Mér finnst eiga að vera almennilegt saltbragð af saltfiski



4.9. Ég veit hvar ég fæ góðan saltfisk á Íslandi




4.11. Mér finnst bragðið af saltfiski vont




Mynd 8. Hlutfall svara við spurningu 4 eftir aldri. „Hversu vel eða illa eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þig?“ (n=410). Fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=78), 30-39 (n=74), 40-49 (n=94), 50-59 (n=130), 60-70 (n=34).

Saltfiskneysla og kaup

Spurt var út í hversu oft þátttakendur borða saltfisk, einnig hvar hann er helst keyptur og ástæður þess ef þátttakendur borða sjaldan eða aldrei saltfisk. Niðurstöður gefa til kynna að saltfiskneysla minnki með lækkingu aldri þátttakenda og þetta á einnig við um kaup og matreiðslu á saltfiski (mynd 9, 10 og 12, Viðauki II). Af þeim sem borða saltfisk eru um 50% af elstu þátttakendum, 60-70 ára, sem kaupa saltfisk fimm sinnum á ári eða oftar, en samsvarandi hlutfall fyrir yngsta aldurshópinn, 18-29 ára, er 12% (mynd 12). Mynd 10 sýnir hlutfall af heildarfjölda á hverju aldursbili sem borðar saltfisk einu sinni á ári eða oftar, þ.e. þegar teknir eru út þeir sem borða sjaldan eða aldrei hvorki fisk né saltfisk. Saltfiskneysla fer stigminnkandi með lækkingu aldri. Á aldrinum 18 til 29 ára eru einungis um 29% þátttakenda sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar en samsvarandi hlutfall fyrir elsta hópinn, 60-70 ára, er um 94%. Helsta ástæða þess að þátttakendur borða ekki saltfisk er að þeim finnst hann ekki góður (mynd 11). Aðrar orsakir eru að hann er of saltur, skortur á framboði, að það sé lítil hefð fyrir saltfiski, og að ferskur fiskur sé frekar valinn. Í töflu 2 eru sýndar nokkrar tilvitnanir í svör þátttakenda um ástæður fyrir því að þeir borða ekki saltfisk. Þeir þátttakendur sem borða saltfisk sjaldnar en einu sinni á ári svöruðu ekki fleiri spurningum um saltfisk og var beint að spurningum um léttisaltaðan fisk. Flestir borða saltfisk heima og á það við um allan aldur. Þó eru fleiri í eldri hópum sem borða saltfisk heima og fleiri í yngri hópum sem borða hann í mótuneytum eða annars staðar. Flestir af þeim sem borða helst saltfisk annars staðar tilgreina matarboð hjá ættingjum eða vinum og á það sérstaklega við um þá sem yngri eru. Algengast er að þátttakendur kaupi saltfisk í fiskbúðum en einnig er algengt að hann sé keyptur í matvöruverslunum (mynd 12). Fleiri úr elsta hópnum, 60-70 ára, kaupa saltfisk oftast í fiskbúð en þeir sem yngri eru. Yngri þátttakendur eru hins vegar líklegri en þeir eldri til að kaupa saltfisk í matvöruverslun, mótuneytum eða á veitingastöðum. Þeir sem kaupa saltfisk annars staðar fá hann oftast beint frá sjómanni eða framleiðanda en þrír þátttakendur verka sjálfir sinn saltfisk. Þeir sem hafa nýlega keypt saltfisk, hvort sem það var á veitingastað, fiskbúð eða í matvöruverslun voru almennt ánægðir með fiskinn, flestum fannst hann góður og hæfilega saltur. Langalgengasta matreiðsluaðferð á saltfiski hjá öllum aldurshópum var að sjóða hann og bera fram með kartöflum og smjöri eða hamsatólgu, oft líka rúgbrauði, rófum eða gulrótum (mynd 13).



Mynd 9. Hlutfall innan hvers aldurshóps við spurningu 5 „Hversu oft borðar þú saltfisk?“. Þátttakendur sem borða fisk einu sinni á ári eða oftar (n=410). Fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=78), 30-39 (n=74), 40-49 (n=94), 50-59 (n=130), 60-70 (n=34).



Mynd 10. Hlutfall þátttakenda innan hvers aldurshóps sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oft, n=505. Hlutfall: (Heildarfjöldi innan aldurshóps að frádregnum fjölda svara „aldrei“ og „sjaldnar en einu sinni á ári“ við spurningu 1: „Hversu oft borðar þú fisk að meðaltali?“ og fjölda svara „sjaldnar en einu sinni á ári“ við spurningu 5. „Hversu oft borðar þú saltfisk?“)/(heildarfjöldi innan aldurshóps). Fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=117), 30-39 (n=103), 40-49 (n=109), 50-59 (n=140), 60-70 (n=36).




Mynd 11. Hlutfall svara við spurningu 6 „Hver er ástæðan fyrir því að þú borðar sjaldan saltfisk?“ (n=120). Þeir þátttakendur sem borða fisk einu sinni á ári eða oft, en saltfisk sjaldnar en einu sinni á ári. Myndin sýnir hlutföll svara eftir flokkun. Fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=44), 30-39 (n=31), 40-49 (n=26), 50-59 (n=19), 60-70 (n=0).


Tafla 2. Nokkrar ástæður fyrir því að fólk borðar sjaldan eða aldrei saltfisk.

kyn	aldur	Hver er ástæðan fyrir því að þú borðar sjaldan saltfisk?
kona	20	fékk vondan saltfisk í æsku, hef ekki prófað síðan.
		Finnst hvítur fiskur almennt ekki góður. Held ég hafi einhvern tímann smakkað saltfisk og fannst hann enn verri. Svo er hann bara aldrei á boðstólum í t.d. vinnumötuneyti.
kona	20	skóla eða matarboðum.
karl	22	Hann er bara ekkert mikið eldaður heima eða í mötuneytinu.
kona	23	Borða yfir höfuð ekki fisk vegna magn örplasts í sjó.
kona	25	Ég bara gleymi því að hann sé til.
kona	26	Er með of háan blóðþrýsting svo ég á að hálfá mig frá salti.
kona	28	Ég elda á mínu heimili, og ég er ekki hrifin af fiski, svo hann er sjaldan í boði. Svo hef ég slæma reynslu af saltfisksuppskriftum, svo sem tómat-bacalao.
karl	29	Sé hann aldrei í fiskbúð.
kona	29	Dettur það ekki einu sinni í hug, borða frekar annan fisk.
kona	34	Minningin er ekki góð og ég vil ekki svona saltaðan mat í dag.
kona	40	Vesen við útvötnun og matreiðslu.
karl	40	Ég fæ ekki alvöru saltfisk óútvatnaðan í búð.
kona	44	Kann ekki að elda hann.
kona	48	Borða allan fisk í mötuneyti og þar er bara boðið upp á nætursaltaðan.
kona	50	Ég vel frekar nætursaltaðan fisk en saltfisk.
kona	50	Finnst þetta bara ekki gott..... ég er ekki íslensk og ólst ekki upp á Íslandi.
kona	58	Hef ekki leitt hugann að því og svo er nóg framboð af öðru.


7. Hvar borðar þú oftast saltfisk




9. Hversu oft kaupir þú saltfisk?




10. Hvar kaupir þú oftast saltfisk?



11. Hversu oft matreiðir þú, eða tekur þátt í að matreiða saltfisk?



Mynd 12. Hlutfall innan hvers aldurshóps við spurningum 7. 9. 10. og 11. Þátttakendur sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar (n=290). Fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=34), 30-39 (n=43), 40-49 (n=68), 50-59 (n=111), 60-70 (n=34).




Mynd 13. Hlutfall svara við spurningu 12 „Hvernig matreiðir þú oftast saltfisk?“, eftir flokkun (n=196).

Samanburður á saltfiski, léttisöltuðum fiski og nætursöltuðum fiski


Spurt var um kauptíðni á léttisöltuðum og nætursöltuðum fiski. Niðurstöður sýna stigminnkandi kaup á báðum gerðum með lækkandi aldri. Hins vegar er ekki mikill munur á kauptíðni á léttisöltuðum fiski annars vegar og nætursöltuðum fiski hins vegar. Þeir þátttakendur sem hafa keypt léttisaltaðan-/nætursaltaðan fisk innan árs svöruðu spurningum um upplifun (geðjun) á síðasta léttisaltaða-/nætursaltaða fiski sem þeir keyptu, auk spurninga um styrk á saltbragði af fiskinum. Einnig voru þeir spurðir um viðhorf til léttisaltaðs-/nætursaltaðs fisks í samanburði við saltfisk. Svör við þessum spurningum, auk niðurstaða úr fyrri hlutum könnunarinnar, gefa til kynna að smekkur fyrir því hversu saltfiskur á að vera mikið saltur sé misjafn. Með lækkandi aldri er líkleggra að fólki finnst saltfiskur almennt vera of saltur en algengara er meðal eldra fólks að því finnst saltfiskurinn eiga að vera almennilega saltur (mynd 8). Þegar spurt var út mat á saltstyrk af síðasta saltfisk/léttisöltuðum-/nætursöltuðum fiski var munur á meðaltölum á mörkum marktækis eftir mismunandi gerðum fisks þar sem saltfiskur úr fiskbúð var metinn saltastur en saltfiskur úr matvöruverslun minnst saltur ($p=0,094$) (mynd 15). Einkunnir dreifast örlítið meira fyrir saltfisk en fyrir bæði léttisaltaðan- og nætursaltaðan fisk, þ.e. færri þátttakendum fannst síðasti saltfiskur sem þeir borðuðu hafa hæfilegt saltbragð en fleiri bæði of lítið og of mikið saltbragð. Sömu tilhneigingar gætir þegar spurt er um almennt mat þátttakenda á saltstyrk af saltfiski, léttisöltuðum- og nætursöltuðum fiski (myndir 2, 3 og 4 í viðauka III). Fleirum finnst saltfiskur oft vera of mikið saltur, en léttisaltaður- og nætursaltaður fiskur. Hins vegar þarf að hafa í huga að þar eru bornir saman þátttakendur sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar og þátttakendur sem hafa keypt léttisaltaðan-/nætursaltaðan fisk innan árs.

Meðaltöl fyrir geðjun voru skoðuð fyrir saltfisk á veitingastað, saltfisk úr fiskbúð, saltfisk úr matvöruverslun, léttisaltaðan fisk og nætursaltaðan fisk. Munur var í meðaleinkunn á léttisöltuðum fiski og saltfiski úr matvöruverslun ($p=0,045$). Léttisaltaður fiskur fékk hæstu meðaleinkunnina eða 6,3 á skala frá 1=mjög vondur til 7=mjög góður en saltfiskur úr matvöruverslun fékk lægstu meðaleinkunnina eða 5,8 (mynd 14).

Þegar spurt var út í mun á saltfiski og léttisöltuðum-/nætursöltuðum fiski sést að langflestum finnst vera mikill munur þar á, hins vegar fækkar þeim sem finnst mikill munur með lækkandi aldri. Mikill munur er einnig eftir aldri þegar spurt var út í hvort léttisaltaður-/nætursaltaður fiskur getur komið alveg í staðinn fyrir saltfisk en mun fleiri í yngri aldurshópum voru því sammála. Hins vegar var ekki var mikill munur milli léttisaltaðs fisks og nætursaltaðs fisks.




Mynd 14. Geðjun þátttakenda á; saltfiski af veitingastað (n=107), saltfiski úr fiskbúð (n=139), saltfiski úr matvöruverslun (n=121), léttisöltuðum fiski (n=144) og nætursöltuðum fiski (n=136). Myndin sýnir hlutföll svara eftir skala frá 1=mjög vondur, 4=hvorki vondur né góður, 7=mjög góður. Byggt á svörum við spurningum: 14, 17, 20, 24 og 28.




Mynd 15. Mat þátttakenda á saltbragði af saltfiski af veitingastað (n=106), saltfiski úr fiskbúð (n=139), saltfiski úr matvöruverslun (n=119), léttisöltuðum fiski (n=146) og nætursöltuðum fiski (n=138). Myndin sýnir hlutföll svara eftir skala frá 1=alltof lítið saltur, 4=hæfilega saltur, 7=alltof mikið saltur. Byggt á svörum við spurningum: 15, 18, 21, 25 og 29.

23. Hversu oft kaupir þú léttsaltaðan fisk?




27. Hversu oft kaupir þú nætursaltaðan fisk?




Mynd 16. Hlutfall innan hvers aldurshóps við spurningum 23. og 27. um kauptíðni á léttsöltuðum-/nætursöltuðum fiski. Þátttakendur sem borða fisk einu sinni á ári eða oftar (n=410), skipting eftir aldurshópum: 18-29 (n=34), 30-39 (n=43), 40-49 (n=68), 50-59 (n=111), 60-70 (n=34).


26.1. Mér finnst léttsaltaður fiskur alveg koma í staðinn fyrir saltfisk.




30.1. Mér finnst nætursaltaður fiskur alveg koma í staðinn fyrir saltfisk.



26.6. Mér finnst vera mikill munur á saltfiski og léttsöltuðum fiski.



30.6. Mér finnst vera mikill munur á saltfiski og nætursöltuðum fiski.



Mynd 17. Spurningar um mun á saltfiski og léttsöltuðum-/nætursöltuðum fiski. Spurning: „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum um léttsaltaðan-/nætursaltaðan fisk sem þú kaupir á Íslandi?“. Hlutfall innan hvers aldurshóps við spurningum 26.1., 26.6, 30.1, 30.6. Þátttakendur sem hafa keypt léttsaltaðan/nætursaltaðan fisk innan árs. Spurning 26.1. og 26.6.: léttsaltaður (n=147), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=36), 40-49 (n=24), 50-59 (n=61), 60-70 (n=19). Spurning 30.1. og 30.6.: nætursaltaður (n=139), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=35), 40-49 (n=29), 50-59 (n=56), 60-70 (n=19).

4 Umræður og ályktanir

Kynjahlutföll þátttakenda var mjög ójafnt þar sem mun fleiri konur tóku þátt í könnuninni en karlar. Einnig var svörun langmest hjá fólki á aldrinum 50-59 ára. Þar sem könnunin birtist jafnmörgum notendum eftir kynjum og aldri má ætla að áhugi fyrir könnuninni hafi verið meiri hjá konum og hjá fólki á aldrinum 50-59 ára. Einnig má draga þá ályktun út frá svörun að áhugi karla á saltfiski fari vaxandi með hækkandi aldri þar sem hlutfall karla fer vaxandi eftir 50 ára. Ástæða minni svörunar hjá yngra fólki gæti stafað af minni áhuga á saltfiski og/eða minni notkun á samfélagsmiðlinum Facebook en hjá eldra fólki.

Mjög áberandi munur eftir aldri sást í öllum hlutum könnunarinnar. Niðurstöður gefa til kynna að fiskneysla fari stigminnkandi með lækkandi aldri. Um 33% þátttakenda á aldrinum 18-29 borða fisk aldrei eða sjaldnar en einu sinni á ári en samsvarandi hlutfall í aldurshópi 60-70 ára er 6%. Þó eru flestir í öllum aldurshópum sem borða fisk þrisvar í mánuði eða oftar. Mikill munur er á ímynd saltfisks og saltfiskframleiðslu eftir aldri. Niðurstöður gefa til kynna að saltfiskur hafi almennt nokkurn gæðastimpil í hugum þátttakenda og að langflestir geri sér grein fyrir mikilvægi saltfisks í sögu Íslendinga. Eftir því sem þátttakendur eru yngri telja þeir saltfisk skipta Íslendinga minna máli og skapi minni sess í sögu Íslendinga. Sérstaklega er mikill munur á ímynd saltfisks sem gæðavöru eftir aldri en einungis 14% þátttakenda á aldrinum 18-29 ára eru alveg sammála því að saltfiskur sé gæðavara en 82% þátttakenda á aldrinum 60-70 ára. Einnig fer þekking á saltfiski minnkandi með lækkandi aldri, hvað varðar verkun, einkenni saltfisks, framboð og matreiðslu. Saltfiskneysla fer stigminnkandi með lækkandi aldri og á það einnig við um kaup og matreiðslu á saltfiski. Á aldrinum 18 til 29 ára eru einungis um 29% allra þátttakenda sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar en samsvarandi hlutfall fyrir elsta hópinn, 60-70 ára, er um 94%. Helsta ástæða þess að þátttakendur borða ekki saltfisk er að þeim finnst hann ekki góður. Aðrar orsakir eru að hann er of saltur, skortur á framboði, að það sé lítil hefð fyrir saltfiski, og að ferskur fiskur sé frekar valinn. Yngri þátttakendur eru almennt neikvæðari fyrir saltfiski og líklegri til að finnast bragð af saltfiski vont en þeim sem eldri eru. Kaup tíðni á saltfiski minnkar einnig með lækkandi aldri þátttakenda og á það einnig við um léttsaltaðan- og nætursaltaðan fisk. Niðurstöður gefa til kynna að mismunandi smekkur sé eftir aldri á því hversu saltur saltfiskur á að vera. Eldri þátttakendur eru líklegri til að vilja hafa saltfisk vel saltan og finnst hann sjaldnar of saltur en þeim sem yngri eru. Um 44% þátttakenda á aldrinum 18-29 finnst saltfiskur oftast of saltur en 6% á aldrinum 60-70 ára.

Flestir borða saltfisk heima hjá sér og á það við um allan aldur. Þó eru fleiri af eldri þátttakendum sem borða saltfisk heima og fleiri í yngri hópum sem borða hann í mótuneytum eða annars staðar. Flestir af þeim sem borða helst saltfisk annars staðar tilgreina matarboð hjá ættingjum eða vinum og á það sérstaklega við um þá sem yngri eru. Algengast er að þátttakendur kaupi saltfisk í fiskbúðum en einnig er algengt að hann sé keyptur í matvöruverslunum. Fleiri úr elsta hópnum, 60-70 ára, kaupa saltfisk oftast í fiskbúð en þeir sem yngri eru. Yngri þátttakendur eru hins vegar líklegri en þeir eldri til að kaupa saltfisk í matvöruverslun, mótuneytum eða á veitingastaðum.

Þeir sem hafa nýlega keypt saltfisk, hvort sem það var á veitingastað, fiskbúð eða í matvöruverslun voru almennt ánægðir með fiskinn, flestum fannst hann góður og hæfilega saltur. Það sama á við um léttsaltaðan- og nætursaltaðan fisk, þá sérstaklega þann léttsaltaða. Saltfiskur úr matvöruverslun kom einna síst út í samburði við aðrar gerðir. Langflestir telja mikinn mun á saltfiski annars vegar og léttsöltuðum- og nætursöltuðum fiski hins vegar, en með lækkandi aldri fækkar þeim sem finnst


munurinn mikill. Yngri þátttakendur eru einnig mun líklegri til að finnast léttsaltaður- og nætursaltaður fiskur geta komið í staðinn fyrir saltfisk en þeir sem eldri eru.

Saltfiskurinn hefur verið samofinn sögu Íslendinga og matarmenningu í árhundruð. Niðurstöður úr þessari könnun sýna hins vegar minnkandi þekkingu, áhuga og neyslu á saltfiski í yngri aldurshópum, en einungis um 29% þátttakenda á aldrinum 18-29 ára borða saltfisk. Þessi þróun getur skýrst af auknu úrvali matvara, breyttum smekk, viðhorfum og venjum. Líklegt er að ímynd saltfisks sem gæðavöru eigi undir högg að sækja og að miklar breytingar séu að verða á neyslu saltfisks meðal Íslendinga. Til að ýta undir neyslu á saltfiski þarf að kynna hann betur og gera sýnilegri, ekki síst meðal yngri aldurshópa, hvort heldur sem er í mótuneytum, matvöruverslunum, fiskbúðum eða veitingastöðum.




Viðauki I – Ímynd saltfisks og saltfiskframleiðslu í hugum Íslendinga


3.2. Erlendir ferðamenn vilja borða saltfisk á Íslandi




3.3. Íslendingar eru nánast hættir að framleiða saltfisk




3.5. Engin hefð er fyrir saltfiskframleiðslu á Íslandi



3.6. Saltfiskur er vinsæll matur á Íslandi




3.9. Íslendingar kunna ekki að elda saltfisk




Mynd I.1. Hlutfall svara innan hvers aldurshóps við spurningu 3. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum um saltfisk?“ (n=410). Fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=78), 30-39 (n=74), 40-49 (n=94), 50-59 (n=130), 60-70 (n=34).

Viðauki II - Saltfiskneysla og kaup

13. Ef þú hugsar um ár aftur í tímann, hefur þú fengið saltfisk á veitingastað á Íslandi?




14. Hvernig fannst þér síðasti saltfiskur sem þú fékkst á veitingastað á Íslandi?




Mynd II.1. Spurningar um kaup tíðni og geðjun á saltfiski keyptum á veitingastað. Hlutfall svara innan hvers aldurshóps við spurningu 13 og 14. Spurning 13 (n=410), fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=78), 30-39 (n=74), 40-49 (n=94), 50-59 (n=130), 60-70 (n=34). Spurning 14 (n=109), fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-39 (n=25), 40-49 (n=21), 50-59 (n=49), 60-70 (n=14).

16. Ef þú hugsar um ár aftur í tímann, hefur þú keypt saltfisk í fiskbúð á Íslandi?




17. Hvernig fannst þér síðasti saltfiskur sem þú keyptir í fiskbúð á Íslandi?




Mynd II.2. Spurningar um kaup tíðni og geðjun á saltfiski keyptum í fiskbúð. Hlutfall svara innan hvers aldurshóps við spurningu 16 og 17. Spurning 16 (n=410), fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=78), 30-39 (n=74), 40-49 (n=94), 50-59 (n=130), 60-70 (n=34). Spurning 17. (n=140), fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-39 (n=23), 40-49 (n=27), 50-59 (n=63), 60-70 (n=27).

19. Ef þú hugsar um ár aftur í tímann, hefur þú keypt saltfisk í matvöruverslun á Íslandi?




20. Hvernig fannst þér síðasti saltfiskur sem þú keyptir í matvöruverslun á Íslandi?




Mynd II.3. Spurningar um kaupþíðni og geðjun á saltfiski keyptum í matvöruverslun. Hlutfall svara innan hvers aldurshóps við spurningu 19 og 20. Spurning 19 (n=410), fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-29 (n=78), 30-39 (n=74), 40-49 (n=94), 50-59 (n=130), 60-70 (n=34). Spurning 20 (n=122), fjöldi innan hvers aldurshóps: 18-39 (n=19), 40-49 (n=27), 50-59 (n=58), 60-70 (n=18).

Viðauki III. - Samanburður á saltfiski, léttsöltuðum fiski og nætursöltuðum fiski


22.1. Ég get treyst því að saltfiskur sé alltaf góður.



26.2. Ég get treyst því að léttsaltaður fiskur sé alltaf góður.




30.2. Ég get treyst því að nætursaltaður fiskur sé alltaf góður.




Mynd III.1. Hlutfall innan hvers aldurshóps við spurningum um traust á gæðum saltfisks, léttsaltaðs fiskis og nætursaltaðs fiskis. Spurning: „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum um saltfisk/léttsaltaðan fisk/nætursaltaðan fisk sem þú kaupir á Íslandi?“. Spurning 22.1. Þátttakendur sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar (n=290), skipting eftir aldurshópum: 18-29 (n=34), 30-39 (n=43), 40-49 (n=68), 50-59 (n=111), 60-70 (n=34). Spurning 26.2. og 30.2. Þátttakendur sem hafa keypt léttsaltaðan/nætursaltaðan fisk fyrir minna en ári. Spurning 26.2. léttsaltaður (n=147), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=36), 40-49 (n=24), 50-59 (n=61), 60-70 (n=19). Spurning 28.2. nætursaltaður (n=139), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=35), 40-49 (n=29), 50-59 (n=56), 60-70 (n=19).


22.2. Ég get treyst því að saltfiskur sé alltaf hæfilega saltur.



26.3 Ég get treyst því að léttisaltaður fiskur sé alltaf hæfilega saltur.




30.3. Ég get treyst því að nætursaltaður fiskur sé alltaf hæfilega saltur.




Mynd III.2. Hlutfall innan hvers aldurshóps við spurningum um traust á hæfilegum saltstyrk í saltfiski, léttisöltuðum fiski og nætursöltuðum fiski. Spurning: „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum um saltfisk/léttisaltaðan fisk/nætursaltaðan fisk sem þú kaupir á Íslandi?“. Spurning 22.2. Þátttakendur sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar (n=290), skipting eftir aldurshópum: 18-29 (n=34), 30-39 (n=43), 40-49 (n=68), 50-59 (n=111), 60-70 (n=34). Spurning 26.3. og 30.3. Þátttakendur sem hafa keypt léttisaltaðan/nætursaltaðan fisk fyrir minna en ári. Spurning 26.3. léttisaltaður (n=147), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=36), 40-49 (n=24), 50-59 (n=61), 60-70 (n=19). Spurning 30.3. nætursaltaður (n=139), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=35), 40-49 (n=29), 50-59 (n=56), 60-70 (n=19).


22.3. Mér finnst saltfiskur oft of lítið saltur.



26.4. Mér finnst léttsaltaður fiskur oft of lítið saltur.




30.4. Mér finnst nætursaltaður fiskur oft of lítið saltur.




Mynd III.3. Hlutfall innan hvers aldurshóps við spurningum um mat á saltstyrki í saltfiski, léttisöltuðum fiski og nætursöltuðum fiski. Spurning: „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum um saltfisk/léttisaltaðan fisk/nætursaltaðan fisk sem þú kaupir á Íslandi?“. Spurning 22.3. Þátttakendur sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar (n=290), skipting eftir aldurshópum: 18-29 (n=34), 30-39 (n=43), 40-49 (n=68), 50-59 (n=111), 60-70 (n=34). Spurning 26.4. og 30.4. Þátttakendur sem hafa keypt léttisaltaðan/nætursaltaðan fisk fyrir minna en ári. Spurning 26.4. léttisaltaður (n=147), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=36), 40-49 (n=24), 50-59 (n=61), 60-70 (n=19). Spurning 30.4. nætursaltaður (n=139), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=35), 40-49 (n=29), 50-59 (n=56), 60-70 (n=19).


22.4. Mér finnst saltfiskur oft of mikið saltur.



26.5. Mér finnst léttsaltaður fiskur oft of mikið saltur.



30.5. Mér finnst nætursaltaður fiskur oft of mikið saltur.



Mynd III.4. Hlutfall innan hvers aldurshóps við spurningum um mat á saltstyrki í saltfiski, léttsöltuðum fiski og nætursöltuðum fiski. Spurning: „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum um saltfisk/léttsaltaðan fisk/nætursaltaðan fisk sem þú kaupir á Íslandi?“. Spurning 22.4. Þátttakendur sem borða saltfisk einu sinni á ári eða oftar (n=290), skipting eftir aldurshópum: 18-29 (n=34), 30-39 (n=43), 40-49 (n=68), 50-59 (n=111), 60-70 (n=34). Spurning 26.5. og 30.5. Þátttakendur sem hafa keypt léttsaltaðan/nætursaltaðan fisk fyrir minna en ári. Spurning 26.5. léttsaltaður (n=147), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=36), 40-49 (n=24), 50-59 (n=61), 60-70 (n=19). Spurning 30.5. nætursaltaður (n=139), skipting eftir aldurshópum: 18-39 (n=35), 40-49 (n=29), 50-59 (n=56), 60-70 (n=19).

Viðhengi IV– Neytendakönnun um saltfisk

Síða 1

Texti:

Þessi könnun er hluti af rannsóknarverkefni á vegum Matís ohf. og er markmið hennar að skoða stöðu saltfisks í dag. Svör eru ekki persónugreinanleg og verða hvergi rakin til þátttakenda.

Takk fyrir að samþykkja að taka þátt í þessari könnun, þátttaka þín og svör eru mikilvæg fyrir rannsóknina.

Það tekur um 5 til 15 mínútur að svara könnuninni.

Síða 2

1. Hversu oft borðar þú fisk að meðaltali?

1. Tvisvar í viku eða oftar
2. Þrisvar í mánuði eða einu sinni í viku
3. Einu sinni til tvisvar í mánuði
4. Fimm til ellefu sinnum á ári
5. Einu sinni til fjórum sinnum á ári
6. Sjaldnar en einu sinni á ári
7. Aldrei

Ef 6 eða 7: síða 23, spurning 31.

Síða 3

2. Hvað af eftirfarandi telur þú eiga við um saltfisk?

1. Bragð af saltfiski er eins og af söltuðum ferskum fiski.
2. Saltfiskur er það sama og nætursaltaður fiskur.
3. Saltfisk þarf að útvatna fyrir notkun.
4. Saltfiskur hefur einkennandi verkunarbragð sem minnir á harðfisk.

Svör: rétt, rangt, veit ekki

Síða 4

Texti:

Vinsamlegast athugið

Eftirfarandi spurningar eiga við um saltfisk, en ekki nætursaltaðan eða léttsaltan fisk. Með saltfiski er átt við fisk sem hefur verið fullsaltaður og útvatnaður fyrir notkun. Með þessu næst fram stinnari áferð og einkennandi bragð af saltfiski sem getur minnt á harðfiskbragð.

3. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum um saltfisk.

1. Saltfiskur skiptir Íslendinga engu máli.
2. Erlendir ferðamenn vilja borða saltfisk á Íslandi.
3. Íslendingar eru nánast hættir að framleiða saltfisk.
4. Saltfiskur er stór hluti af sögu Íslendinga.
5. Engin hefð er fyrir saltfiskframleiðslu á Íslandi.
6. Saltfiskur er vinsæll matur á Íslandi.
7. Saltfiskur er of dýr.
8. Saltfiskur er gæðavara.
9. Íslendingar kunna ekki að elda saltfisk.

Svör: alveg sammála, 2, hvorki sammála né ósammála, 4, alveg ósammála; veit ekki.

4. Hversu vel eða illa eiga eftirfarandi fullyrðingar um þig.

1. Mér finnst saltfiskur almennt góður.
2. Ég prófa stundum nýjar uppskriftir með saltfiski.
3. Ég kann ekki að elda saltfisk.
4. Ég kann að útvatna saltfisk.
5. Mér finnst saltfiskur oftast of saltur.
6. Ég elda saltfisk alltaf á sama hátt.
7. Ég veit ekkert um saltfisk.
8. Mér finnst eiga að vera almennilegt saltbragð af saltfiski.
9. Ég veit hvar ég fæ góðan saltfisk á Íslandi.
10. Ég verka minn eiginn saltfisk.
11. Mér finnst bragðið af saltfiski vont.

Svör: á mjög vel við um mig, 2, á hvorki vel né illa við um mig, 4, á mjög illa við um mig; veit ekki.

5. Hversu oft borðar þú saltfisk?

1. Þrisvar í mánuði eða oftár.
2. Einu sinni til tvisvar í mánuði.
3. Fimm til ellefu sinnum á ári.
4. Einu sinni til fjórum sinnum á ári.
5. Sjaldnar en einu sinni á ári.

Ef 1 til 4: síða 8, spurning 7. Ef 5: síða 7 spurning 6.

6. Hver er ástæðan fyrir því að þú borðar sjaldan saltfisk?

Opið svar

Farið yfir á síðu 19.

7. Hvar borðar þú oftast saltfisk?

1. Heima
2. Í mötuneytum
3. Á veitingastöðum
4. Annars staðar, þá hvar?

Opið svar

8. Hvað finnst þér oftast eiga við um saltbragð af þeim saltfiski sem þú borðar?

Svör: alltof lítið, 2, 3, hæfilegt, 5, 6, alltof mikið; veit ekki

9. Hversu oft kaupir þú saltfisk?

1. Þrisvar í mánuði eða oftár
2. Einu sinni til tvisvar í mánuði
3. Fimm til ellefu sinnum á ári
4. Einu sinni til fjórum sinnum á ári
5. Sjaldnar en einu sinni á ári

Ef 5: síða 10, spurning 11.

Síða 9

10. Hvar kaupir þú oftast saltfisk?

1. Í fiskbúðum
2. Í matvöruverslunum
3. Í mótuneytum
4. Á veitingastöðum
5. Annars staðar, þá hvar?
 - a. Opið svar

Síða 10

11. Hversu oft matreiðir þú, eða tekur þátt í að matreiða saltfisk?

1. Þrisvar í mánuði eða oftar.
2. Einu sinni til tvisvar í mánuði.
3. Fimm til ellefu sinnum á ári.
4. Einu sinni til fjórum sinnum á ári.
5. Sjaldnar en einu sinni á ári.

Ef 5: síða 12, spurning 13

Síða 11

12. Hvernig matreiðir þú oftast saltfisk? Vinsamlegast lýsið í grófum dráttum matreiðsluaðferðum og meðlæti

Opið svar

Síða 12

13. Ef þú hugsar um ár aftur í tímann, hefur þú fengið saltfisk á veitingastað á Íslandi?

1. já
2. nei
3. veit ekki

Ef 2 eða 3: Síða 14, spurning 16

14. Hvernig fannst þér síðasti saltfiskur sem þú fékkst á veitingastað á Íslandi?

Svör: mjög vondur, 2, 3, hvorki vondur né góður, 5, 6, mjög góður; veit ekki

15. Hvað fannst þér um saltbragð af fiskinum?

Svör: alltof lítið, 2, 3, hæfilegt, 5, 6, alltof mikið; veit ekki

Síða 14

16. Ef þú hugsar um ár aftur í tímann, hefur þú keypt saltfisk í fiskbúð á Íslandi?

1. já
2. nei
3. veit ekki

Ef 2 eða 3: Síða 16, spurning 19

Síða 15

17. *Hvernig fannst þér síðasti saltfiskur sem þú keyptir í fiskbúð á Íslandi?*

Svör: mjög vondur, 2, 3, hvorki vondur né góður, 5, 6, mjög góður; veit ekki

18. *Hvað fannst þér um saltbragð af fiskinum við neyslu?*

Svör: alltof lítið, 2, 3, hæfilegt, 5, 6, alltof mikið; veit ekki

Síða 16

19. *Ef þú hugsar um ár aftur í tímann, hefur þú keypt saltfisk í matvöruverslun á Íslandi?*

1. já
2. nei
3. veit ekki

Ef 2 eða 3: Síða 18, spurning 22

Síða 17

20. *Hvernig fannst þér síðasti saltfiskur sem þú keyptir í matvöruverslun á Íslandi?*

Svör: mjög vondur, 2, 3, hvorki vondur né góður, 5, 6, mjög góður; veit ekki

21. *Hvað fannst þér um saltbragð af fiskinum við neyslu?*

Svör: alltof lítið, 2, 3, hæfilegt, 5, 6, alltof mikið; veit ekki

Síða 18

22. *Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum um saltfisk sem þú kaupir á Íslandi?*

1. Ég get treyst því að saltfiskur sé alltaf góður.
2. Ég get treyst því að saltfiskur sé alltaf hæfilega saltur.
3. Mér finnst saltfiskur oft of lítið saltur.
4. Mér finnst saltfiskur oft of mikið saltur.

Svör: alveg sammála, 2, hvorki sammála né ósammála, 4, alveg ósammála; veit ekki

Síða 19

Vinsamlegast athugið

Þegar spurt er um nætursaltaðan eða léttsaltaðan fisk er átt við fisk sem hefur verið saltaður í stuttan tíma og hefur því ekki alveg sömu áferð eða sama bragð og saltfiskur.

23. *Hversu oft kaupir þú léttsaltaðan fisk?*

1. Þrisvar í mánuði eða oftár
2. Einu sinni til tvisvar í mánuði
3. Fimm til ellefu sinnum á ári
4. Einu sinni til fjórum sinnum á ári
5. Sjaldnar en einu sinni á ári

Ef 5: síða 21, spurning 24

24. Hvernig fannst þér síðasti léttsaltaði fiskur sem þú keyptir á Íslandi?

Svör: mjög vondur, 2, 3, hvorki vondur né góður, 5, 6, mjög góður; veit ekki

25. Hvað fannst þér um saltbragð af fiskinum?

Svör: alltof lítið, 2, 3, hæfilegt, 5, 6, alltof mikið; veit ekki

26. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum um léttsaltan fisk sem þú kaupir á Íslandi?

1. Mér finnst léttsaltaður fiskur alveg koma í staðinn fyrir saltfisk.
2. Ég get treyst því að léttsaltaður fiskur sé alltaf góður.
3. Ég get treyst því að léttsaltaður fiskur sé alltaf hæfilega saltur.
4. Mér finnst léttsaltaður fiskur oft of lítið saltur.
5. Mér finnst léttsaltaður fiskur oft of mikið saltur.
6. Mér finnst vera mikill munur á saltfiski og léttsołtuðum fiski.

Svör: alveg sammála, 2, hvorki sammála né ósammála, 4, alveg ósammála; veit ekki

Síða 21

27. Hversu oft kaupir þú nætursaltaðan fisk?

1. Þrisvar í mánuði eða oftar
2. Einu sinni til tvisvar í mánuði
3. Fimm til ellefu sinnum á ári
4. Einu sinni til fjórum sinnum á ári
5. Sjaldnar en einu sinni á ári

Ef 5: síða 23

Síða 22

28. Hvernig fannst þér síðasti nætursaltaði fiskur sem þú keyptir á Íslandi?

Svör: mjög vondur, 2, 3, hvorki vondur né góður, 5, 6, mjög góður; veit ekki

29. Hvað fannst þér um saltbragð af fiskinum?

Svör: alltof lítið, 2, 3, hæfilegt, 5, 6, alltof mikið; veit ekki

30. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum um nætursaltaðan fisk sem þú kaupir á Íslandi?

1. Mér finnst nætursaltaður fiskur alveg koma í staðinn fyrir saltfisk.
2. Ég get treyst því að nætursaltaður fiskur sé alltaf góður.
3. Ég get treyst því að nætursaltaður fiskur sé alltaf hæfilega saltur.
4. Mér finnst nætursaltaður fiskur oft of lítið saltur.
5. Mér finnst nætursaltaður fiskur oft of mikið saltur.
6. Mér finnst vera mikill munur á saltfiski og nætursöltuðum fiski.

Svör: alveg sammála, 2, 3, hvorki sammála né ósammála, 5, 6, alveg ósammála; veit ekki

Síða 23

31. Hvert er kyn þitt?

1. Karl
2. Kona
3. Annað

32. Hver er aldur þinn?

Fellilisti: 18-100 ára

33. Hvert er póstnúmer heimilis þíns?

Fellilisti: póstnúmer á Íslandi

34. Býrð þú í þéttbýli eða dreifbýli?

1. Þéttbýli
2. Dreifbýli
3. Annað

Texti: Þá er könnuninni lokið, kærar þakkir fyrir þátttökuna